

## Svar

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um afskriftir viðskiptabankanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve miklar voru afskriftir viðskiptabanka hér á landi samanborið við afskriftir norræna banka á árunum 1999–2003?*
2. *Hvað má ætla að vaxtamunur inn- og útlána gæti minnkað mikið ef afskriftir hér á landi væru sambærilegar við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum að meðaltali?*

Óskað var eftir svörum við fyrirspurninni frá Fjármálaeftirlitin, svör þess fara hér á eftir.

Eftirfarandi samantekt er byggð á skýrslum Fjármálaeftirlitsins og fjármálaeftirlitanna í Noregi og Danmörku og skýrslu OECD um afkomu og efnahag banka hvað varðar talnaefni frá Finnlandi og Svíþjóð. Tekið skal fram að nýjustu tölur í fyrirbyggjandi talnaefni eru frá árinu 2002 og frá árinu 2001 í sumum tilvikum.

Í töflu 1 hér á eftir eru sýnd hlutföll framlaga í afskriftareikning hjá viðskiptabönkum í fjórum landanna en banka og sparisjóða í Danmörku. Þar kemur fram að meðaltalsafskriftahlutfall, þ.e. hlutfall af meðalstöðu efnahagsreiknings, fyrir viðskiptabanka hér á landi árin 1999–2002 var 0,64%. Sambærilegar tölur annars staðar á Norðurlöndum að meðaltali fyrir árin 1999–2001 sýna mun lægri afskriftahlutföll en hér á landi eða 0,15% í Noregi, 0,21% í Danmörku og innan við 0,1% fyrir Finnland og Svíþjóð. Eins og sést í töflu 1 vega stærstu bankar í hverju landi mjög þungt í framangreindum hlutfallstölum. Stærstu bankarnir annars staðar á Norðurlöndum eru að meðaltali 5–20 sinnum stærri en viðskiptabankar hér á landi miðað við heildareignir og er samanburður milli Íslands og annarra landa þar af leiðandi erfiðleikum bundinn. Í samanburði við önnur lönd verður enn fremur að hafa í huga að fasteignaveðlán kunna að vega mismunandi þungt í útlánum en þeim fylgja yfirleitt mun lægri afskriftaframlög vegna útlánatapa.

Í töflu 1 hefur verið reynt að draga fram þann hluta norræna innlánsstofnana sem telja má að sé sambærilegur með hliðsjón af meðalstærð viðskiptabanka hér á landi. Í ljós kemur að afskriftahlutfall viðskiptabanka hér á landi var að meðaltali 0,64% á tímabilinu 1999–2002 en rúmlega 1% hjá viðskiptabönkum öðrum en þremur stærstu í Noregi (2001–2002) og 0,51% hjá innlánsstofnunum í hópi 2 í Danmörku 2000–2002). Afskriftahlutfall viðkomandi banka í Noregi var óvenjuhátt fyrir árið 2002. Sé eingöngu horft á hlutfall þessara norsku banka fyrir árið 2001 er það 0,7%. Fyrirbyggjandi tölur frá Finnlandi og Svíþjóð eru ekki sambærilegar hvað varðar meðlastærð banka. Þessi samanburður, svo langt sem hann nær, sýnir að afskriftahlutföll viðskiptabanka hér á landi eru ekki verulega frábrugðin því sem tíðkast hjá bönkum af sambærilegri stærð annars staðar á Norðurlöndum. Hafa verður í huga að mismunandi samsetning eigna, t.d. vegna fasteignaveðlana með lág afskriftahlutföll, kann að skekkja þennan samanburð.

**Tafla 1. Framlög í afskriftareikning í hlutfalli af meðalstöðu efnahagsreiknings.**

	1999	2000	2001	2002	Fjöldi í árslok	Meðalstaða efnahags banka í lok síðasta árs ma. ísl. kr.	Meðal- afskrifta- hlutfall	Árafjöldi í meðaltali
<b>Ísland</b>								
Viðskiptabankar	0,56%	0,50%	0,71%	0,78%	5	214	0,64%	4
<b>Noregur</b>								
Stærstu viðskiptabankar (3)			0,16%	0,28%	3	3.000	0,22%	2
Aðrir viðskiptabankar (13) *			0,70%	1,33%	13	140	1,02%	2
Viðskiptabankar	0,03%	0,12%	0,30%				0,15%	3
* Í skýrslu frá Kredittilsynet kemur fram að árið 2002 hafi verið óvenjulegt vegna útlánataps sem tengdist Finance Credit.								
<b>Danmörk</b>								
Innlánsstofnanir, hópur 1 (> 250 ma. ísl. kr.)		0,12%	0,21%	0,13%	5	4.600	0,15%	3
Innlánsstofnanir, hópur 2 (30–250 ma. ísl. kr.)		0,40%	0,57%	0,56%	17	157	0,51%	3
Innlánsstofnanir samtals	0,17%	0,18%	0,29%				0,21%	3
<b>Finnland</b>								
Viðskiptabankar	-0,02%	0,04%	0,01%		9	1.088	0,01%	3
<b>Svíþjóð</b>								
Viðskiptabankar	-0,02%	0,04%	0,01%		27	1.031	0,01%	3

Í töflu 2 er sýnt yfirlit yfir vaxtatekjur og vaxtagjöld hjá viðskiptabönkum hér á landi árið 2002 og áhrif mismunandi forsendna fyrir breytingum á afskriftaframlögum á vaxtatekjur, vaxtagjöld og hreinar vaxtatekjur, að öðru óbreyttu. Sérstaklega eru sýnd möguleg áhrif á vaxtatekjur af útlánunum og vaxtagjöld af innlánunum. Ekki er lagt mat á hvað séu eðlilegar forsendur varðandi afskriftaframlög í samanburði við önnur norræn lönd.

**Tafla 2. Yfirlit yfir vaxtatekjur og vaxtagjöld hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum og áhrif mismunandi breytinga á framlögum í afskriftareikning á vaxtaliði að öðru óbreyttu.**

	2002 Hlutfall af meðalst. efnahagsreikn.	2002 Fjárhæðir m. kr.	2002 Þ.a. v/útlána/innlána m. kr.	Breyting á fram- lagi í afskr. um 10% m. kr.	Hlutfall af vaxtagj. af vaxtat. og vaxtagj. um 10% m. kr.	Hlutfall af vaxtat. af vaxtat. og vaxtagj. um 20% m. kr.	Breyting á fram- lagi í afskr. um 20% m. kr.	Hlutfall af vaxtat. af vaxtat. og vaxtagj. um 20% m. kr.	Hlutfall af vaxtat. af vaxtat. og vaxtagj. um 20% m. kr.
Viðskiptabankar									
Vaxtatekjur	7,34%	75.548	58.224	805	1,1%	1,4%	1.609,1	2,1%	2,8%
Vaxtagjöld	4,92%	50.618	18.383	805	1,6%	4,4%	1.609,1	3,2%	8,8%
Hreinar vaxtatekjur	2,42%	24.930		805	3,2%		1.609,1	6,5%	
Framlög í afskriftareikning	0,78%	8.046		805			1.609,1		